



Fundargerð

**Stjórn VJB - 126. fundur stjórnar VJB haldinn Fjarfundur,
21. janúar 2019, kl. 13:00.**

Fundinn sátu:

Guðrún Áslaug Jónsdóttir formaður, Vilhjálmur Árnason varaformaður, Björn Ingi Jónsson aðalmaður, Heiða Guðný Ásgeirsdóttir aðalmaður, Eyrún Arnardóttir aðalmaður, Matthildur Þorsteinsdóttir fulltrúi ferðaþjónustunnar, Snorri Ingimarsson fulltrúi útivistarfélaga, Sævar Þór Halldórsson fulltrúi náttúruverndarsamtaka, Valbjörn Steingrímsson fjármálastjóri/kerfisstjóri, Magnús Guðmundsson framkvæmdastjóri, Ingibjörg Smáradóttir embættismaður, .

Fundargerð ritaði: Ingibjörg Smáradóttir, sérfræðingur á skrifstofu VJB.

Formaður stjórnar leggur til að Ingibjörg Smáradóttir, starfsmaður á skrifstofu Vatnajökuls riti fundargerð og sjái um það héðan í frá. Fundarmenn samþykktu tillögu framkvæmdastjóra

1. Svæðisráð suðursvæðis - 64 - 1811003F

Fyrir fundinum lá 64. fundargerð svæðisráðs suðursvæðis til kynningar.

Formaður svæðisráðs suðursvæðis gerði grein fyrir fundargerðinni.

2. Gjaldskrá Vatnajökulsþjóðgarðs - 1901001

Fjármálastjóri kynnir drög að gjaldskrá 2019.

Gestir

Valbjörn Steingrímsson, fjármálastjóri VJB - 00:00

Tillögur að breytingum á gjaldskrá eru ýmsar lagfæringar á gildandi gjaldskrá byggðar á reynslunni og ábendingum s.s. vegna gistináttaskatts. Auk þess er bætt við nýjum afsláttarákvæðum fyrir ellilífeyrisþegar og öryrkja. Einnig bætast við afslættir vegna aukanátta á tjaldstæðum. Þjóðgarðsverðir og fjármálastjóri unnu tillögu að breytingum. Stjórn samþykkir tillögur um breytingar á gjaldskránni í samræmi við umræður á fundinum og felur framkvæmdastjóra að senda hana til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins til umsagnar og birtingar.

3. Rekstur 2018 - 1802007

Staða rekstrar á 101 á árinu 2018 eins og hún birtist í Orra 18.1.2019. Ath. enn eru eftir að koma til bókanar ýmis útgjöld sem og að framkvæma millifærslur tengdar áramótauppgjöri en yfirlitið er góð vísending um stöðuna. Gult í skjalinu er ástæða til að rýna frekar.

Fjármálastjóri gerði grein fyrir áætlaðri stöðu reksturins við síðustu áramót. Fram kom hjá fjármálastjóra að mikill viðsnúningur hefur orðið í fjármálum síðustu mánuði og er nú gert

ráð fyrir því að heildarniðurstaða í rekstri ársins 2018 hjá Vatnajökulspjóðgarði verði í góðu jafnvægi.

Stjórn fagnar góðum árangri og þakkar stjórnendum þjóðgarðsins og öðrum starfsmönnum fyrir árangursríkt starf við að koma rekstri Vatnajökulspjóðgarðs í gott horf eftir erfiðleika á árinu 2017.

4. Fundaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs 2019 - 1901003

Lögð fram drög að fundaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs fyrir árið 2019.

Framkvæmdastjóri kynnti fundaráætlun ársins 2019 sem nær yfir fundi stjórnar, stjórnenda og starfsmannafundi. Stjórn þakkar fyrir áætlunina sem er mikilvæg til að stuðla að festu í stjórn og skipulagi Vatnajökulspjóðgarðs.

5. Umboðsmaður Alþingis - starfsmannamál - 1901004

Framkvæmdastjóri fjallar um álit umboðsmanns Alþingis varðandi starfsmannamál Vatnajökulspjóðgarðs.

Framkvæmdastjóri fór yfir mál sem kom upp vegna auglýsingar á starfi þjóðgarðsvarðar á árinu 2017.

6. Mannauðsstefna Vatnajökulspjóðgarðs útg.1.0 - 1901005

Framkvæmdastjóri leggur fram mannauðsstefnu Vatnajökulspjóðgarðs til kynningar.

Framkvæmdastjóri kynnti fyrstu mannauðsstefnu Vatnajökulspjóðgarðs. Stefnan er mikilvægt stjórn tæki til að efla og hlúa að þeim mikilvæga mannauði sem stofnunin býr yfir. Stjórn fagnar því að mannauðsstefnan hefur verið gefin út og hvetur stjórnendur stofnunarinnar að fylgja henni vel eftir.

7. Skýrsla framkvæmdastjóra - 1808006

Framkvæmdastjóri fer yfir mál frá síðasta stjórnarfundum

Framkvæmdastjóri kynnti stöðu helstu verkefna sem unnið hefur verið að síðustu misseri hjá Vatnajökulspjóðgarði.

Með samtilltu átaki starfsmanna, stjórnar og svæðisráða eru mörg mikilvæg verkefni að komast í skýran farveg m.a. til að styrkja innra starf stofnunarinnar á sviði fjármála og mannauðsmál og til að bæta ferla sem snúa að þjónustu við gesti og fyrirtæki.

Fundi slitið kl. 14:15.